



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðar 18.apríl 2024

Mætt voru :

Arnaldur Gunnarsson, Jónína Svavarsdóttir og Erna Guðný Jónsdóttir fulltrúar foreldra
Anna S. Hauksdóttir, Elísabet Halldórsdóttir og Lára K. Gísladóttir fulltrúar starfsmanna
Sesselja Narfadóttir og Jón Bjarni Guðmundsson fulltrúar nemenda
Ingibjörg Adda Konráðsdóttir fulltrúi stjórnenda

1. Skóladagatal skólaársins 2024-2025 lagt fram til umsagnar

Skólaráð Grunnskóla Borgarfjarðar samþykkir skóladagatal ársins 2024 - 2025, en bendir á að betra væri að áætla skíðaferð fyrr og að gefa möguleika á að færa þemadaga nær árs hátíð nemenda.

2. Framkvæmdir á Kleppjárnsreykjum vegna niðurrifs skólahúsnæðis kynntar.

Ingibjörg fór yfir stöðu framkvæmda. Búið er að loka skólalportinu með gámum, færanlegu húsi og tengibyggingum. Verktakar hafa verið í góðu samtali við stjórnendur og eru búnir að girða athafnasvæðið af. Þeir munu einnig setja upp öryggismyndavélar. Rætt að huga þurfi að öryggi nemenda og vinna hratt að því að koma leiktækjum fyrir.

3. Niðurstöður mála á Varmalandi. Eftirfarandi bókun samþykkt og Ingibjörgu falið að koma henni til sveitarstjórar og annarra er málið varðar:

Skólaráð GBF harmar að fræðslunefnd hafi ekki fengið að ljúka vinnu sinni við skipulag breytinga á skólastarfi GBF á Varmalandi. Það telur að meira samtal og samráð við foreldra og starfsfólk skólans við þessa ákvörðun hafi verið nauðsynlegt. Ráðið harmar að ekki hafi verið hlustað á óskir foreldra og rök starfsmanna um að hafa miðstigið áfram á Varmalandi.

4. Önnur mál.

Boðað verður til lokafundar skólaársins í maí til að fara yfir skipulag næsta skólaárs. Búið er að auglýsa stöður þeirra sem ekki eru með réttindi en ekki er alveg ljóst hvort einhverjar breytingar verða á mannahaldi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið. Ingibjörg Adda ritaði fundargerð.